

Starfsáætlun stjórnslusviðs 2016–18

Áætlun ársins 2018

Janúar 2018

Stjórnslusvið Ríkisendurskoðunar

Stjórnslusvið er annað tveggja kjarnasviða Ríkisendurskoðunar. Í árslok 2017 voru starfsmenn þess 9. Á því ári gaf það út 30 opinberar skýrslur, 10 aðalúttektir, 19 eftirfylgniúttektir og eina skýrslu um niðurstöðu forkönnunar (sjá bls. 3). Þetta eru álíka margar skýrslur og undanfarin ár.

Stjórnslusvið starfar í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, siðareglur stofnunarinnar, stefnukort sviðsins og staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI), einkum ISSAI 3000 og 3100 um stjórnsluendurskoðun og ISSAI 40 um gæðaeftirlit.

Hvað er stjórnsluendurskoðun?

Stjórnsluendurskoðun er eitt af meginverkefnum ríkisendurskoðana hvarvetna um heim. Með slíkri endurskoðun er leitast við að veita ráðuneytum, stofnunum og fyrirtækjum ríkisins og öðrum sem fjármagna rekstur sinn með ríkisfé aðhald í starfsemi sinni og rekstri.

Samkvæmt lögum um ríkisendurskoðanda felur stjórnsluendurskoðun í sér „mat á frammistöðu þeirra aðila sem ríkisendurskoðandi hefur eftirlit með“. Þar skal einkum horft til eftirfarandi atriða: Meðferðar og nýtingar ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort framlög ríkisins skili þeim árangri sem að er stefnt. Stofnunin skal upplýsa Alþingi og stjórnvöld um málefni sem varða rekstur og fjárreiður ríkisins, leiða í ljós frávik frá lögum og reglum á því sviði og gera tillögur að úrbótum, bættri stjórnslu, skýrari ábyrgð og betri nýtingu ríkisfjár.

Í lögum um ríkisendurskoðanda kemur skýrt fram að ríkisendurskoðandi sé sjálfstæður og engum háður í störfum sínum og að hann ákveði sjálfur hvernig hann sinnir lögbundnu hlutverki sínu. Þá hefur hann víðtækar heimildir til að afla gagna og upplýsinga sem hann þarf á að halda við endurskoðun sína.

Ríkisendurskoðun velur alla jafna sjálf úttektir sínar og ákveður afmörkun þeirra og framkvæmd. Stjórnskipunar-

og eftirlitsnefnd Alþings getur þó farið fram á að stofnunin taki saman skýrslur um einstök mál eða málaflokka sem falla undir starfssvið stofnunarinnar. Sama gildir ef nýu þingmenn óska þess með skýrslubeiðni í þingsal. Í báðum tilvikum er það þó háð mati Ríkisendurskoðunar hvort hún tekur erindið til athugunar og hvernig það er meðhöndlað.

Með lögum nr. 85/2012 um breytingu á þingskaparlögum fjallar stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis um skýrslur stjórnslusviðs og skilar eftir atvikum álit um þær.

Stefna stjórnslusviðs Ríkisendurskoðunar

Stjórnslusvið Ríkisendurskoðunar starfar samkvæmt aðferðafræði stefnumiðaðs árangursmats. Stefnan lýsir framtíðarsýn sviðsins, meginhlutverki, gildum, markmiðum og árangursmælikvörðum og styður markvisst við heildarstefnu Ríkisendurskoðunar.

Framtíðarsýn stjórnslusviðs

- ✓ Að vera í fremstu röð í stjórnsluendurskoðun

Meginhlutverk

- ✓ Að þjóna Alþingi og almenningi með þörfum og áreiðanlegum upplýsingum um ríkisrekstur og setja fram raunhæfar tillögur til úrbóta þar sem þeirra er þörf

Gildi

- ✓ Fagmennska – heilindi – óhæði – starfsánægja

Stefnukort stjórnslusviðs 2017–19 (sjá bls. 2) sýnir markmið þess samkvæmt fjórum víddum: Þjónustu, verklagi, mannauði og fjármálum.

Markmiðunum er ætlað að tryggja að sviðið standi undir hlutverki sínu og gildum og geri framtíðarsýn sína að veruleika. Þetta er gert með því að nýta þá fjármuni sem sviðið hefur úr að spila á hagkvæman og skilvirkkan hátt, með öflugu og samhentum starfsfólki, skilvirkri verkefnastjórnun og verkefnum sem eru til hagsbóta fyrir Alþingi og almenning.

Stjórnsýslusvið leggur í fyrsta lagi áherslu á að starfsemi þess sé peninganna virði og kostnaðarvitund starfsfólks skýr. Í öðru lagi leggur það áherslu á hæft og metnaðarfullt starfsfólk sem myndar öfluga og jákvæða liðsheild og sinnir markvissri starfsþróun. Í þriðja lagi leggur það mikið upp úr faglegri og skilvirkri starfsemi, metnaðarfullri verkefnastjórnun, öflugu gæðastarfi, skýrum verklagsreglum og vandaðri upplýsingamiðlun. Í fjórða leitast sviðið við að stuðla að umbótum í ríkisrekstri með öflugu samtímaeftirliti og áreiðanlegum og gagnlegum upplýsingum.

Stefnukort stjórnsýslusviðs 2017–19



Starfsáætlun 2016–18

Starfsáætlun stjórnsýslusviðs 2016–18 byggist á áhættumati á starfsemi og rekstri ríkisins. Við vinnslu hennar var m.a. litið til breytinga í ríkisrekstri undanfarin ár, fjárveitinga í fjárlögum, ríkisreiknings 2014 og niðurstaðna könnunar SFR vegna Stofnunar ársins 2015. Auk þess var fjárhagsstaða einstakra fjárlagaliða athuguð. Stefnukort sviðsins og áætlunin eru endurskoðuð árlega.

Úttektir sviðsins á árunum 2016–18 beinast aðallega að málaflokkum sem heyra undir stærstu ráðuneytin, þ.e. velferðarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og innanríkisráðuneyti. Þetta stafar af því að um 80% af fjárveitingum ríkisins í fjárlögum ársins 2013 var ráðstafað til málefna sem heyra undir þessi ráðuneyti sem fara einnig með yfirstjórn langflestara ríkisstofnana. Málefni annarra ráðuneyta verða þó einnig til skoðunar eftir því sem þörf þykir.

Á tímabilinu 2016–18 vinnur sviðið eins og endranær fjölbreyttar úttektir að umfangi og efnisvali. Megináhersla verður lögð á hefðbundnar stjórnsýsluúttektir á einstökum

stofnunum, verkefnum og málaflokkum. Þá verða unnar úttektir á sviði umhverfisendurskoðunar. Samningamálum ríkisins verður líka gefinn gaumur. Loks verða árlega unnar eftirfylgniskýrslur vegna ábendinga í skýrslum sem birtar voru þremur árum áður.

Fyrirhuguð verkefni árið 2018*

Aðalúttektir

- ✓ Lokun flugbrautar 06/24
- ✓ Samningar Sjúkratrygginga Íslands
- ✓ Heilsugæsla á landsbyggðinni
- ✓ Stjórnsýsla fornleifaverndar
- ✓ Heilbrigðisþjónusta fanga
- ✓ Starfsemi Sameinaðs Sílikons hf. í Helguvík
- ✓ Sýslumannsembættin
- ✓ Útlendingastofnun
- ✓ Stjórnir stofnana ríkisins
- ✓ Varsla lögreglunnar á vopnum og vopnabúnaði
- ✓ Búnaðarstofa MAST / Búvörusamningar
- ✓ Eftirfylgniúttektir (19 úttektir)

**Endanleg ákvörðun er jafnan tekin að lokinni forkönnun. Beiðni Alþingis um skýrslu getur einnig raskað áætluninni.*

Sem fyrr verður einkum grein fyrir úttektum sviðsins í meðal-löngum skýrslum (30–50 bls.). Eftirfylgniskýrslur verða yfirleitt mun styttri. Áhersla verður lögð á markvissa afmörkun efnis. Úttektir munu þó bæði beinast að tilteknum vandamálum og málaflokkum eða stofnunum í heild sinni. Leitast verður við að gefa yfirsýn um sem flesta þætti ríkisrekstrar og koma að sem mestu gagni með tímanlegum og raunhæfum tillögum til úrbóta.

Stjórnsýslusvið leggur ríka áherslu á að skýrslur þess séu áreiðanlegar, heildstæðar, hlutlægar, vel uppbyggðar og læsi- legar. Niðurstöður skulu vera óhlutdrægar og faglegar og ábendingar raunhæfar, viðeigandi og tímanlegar.

Ferli stjórnsýsluúttekta

Samkvæmt alþjóðlegu ferli (stöðlum) ríkisendurskoðana skiptast stjórnsýsluúttektir í þrjá meginhluta: Forkönnun, aðalúttekt og eftirfylgni (sbr. ferli bls. 3–4).

1. Forkönnun

Í forkönnun er leitast við að meta möguleika og réttmæti þess að hefja aðalúttekt út frá: (a) aðgengilegum, áreiðanlegum og fullnægjandi upplýsingum um viðfangsefnið, (b) væntanlegum ávinningi úttektar fyrir ríkið eða einstakar stofnanir þess, t.d. líkum á sparnaði, aukinni skilvirkni eða betri árangri og (c) áætluðum kostnaði fyrir Ríkisendurskoðun.

Í forkönnun er lögð áhersla á að afla þeirra gagna og upplýsinga sem máli skipta til að ákveða framhaldið, sem og að ræða við hlutaðeigandi aðila með það að markmiði að öll sjónarmið komi fram.

- ✓ Leiði forkönnun í ljós að aðalúttekt sé ótímabær eða að væntur ávinningur hennar verði minni en kostnaður lýkur Ríkisendurskoðun málinu með bréfi til þeirra sem málið varðar.
- ✓ Leiði forkönnun í ljós að unnt sé að koma nauðsynlegum ábendingum á framfæri án frekari athugunar er könnuninni lokið með opinberri skýrslu þar sem með rökstuddum hætti er bent á þau atriði sem bæta þarf.
- ✓ Leiði forkönnun í ljós ávinning af aðalúttekt er samin endurskoðunaráætlun þar sem viðfangsefnið er afmarkað, úttektarspurningar og aðferðir til að svara þeim tilgreindar og tiltekinn sá tími og mannaúður sem þarf til að vinna úttektina. Gerðar eru endurskoðunaráætlanir fyrir allar aðalúttektir og lögð áhersla á að þeim sé fylgt nema gild rök séu til annars.

2. Aðalúttekt

Í aðalúttekt er endurskoðunaráætlun fylgt eins og kostur er. Áhersla er lögð á að safna, greina, meta og túlka á hlutlægan og faglegan hátt öll fáanleg gögn og upplýsingar sem máli skipta til að svara úttektarspurningum, draga niðurstöður saman í skýrslu og setja fram rökstuddar ábendingar um nauðsynlegar úrbætur.

Uppbygging skýrslu er með þeim hætti að niðurstöðukafli svarar þeim úttektarspurningum sem fram koma í inngangi og ábendingar eru í röklegu samhengi við niðurstöðurnar. Í meginmáli skýrslunnar eru færð rök fyrir niðurstöðum og ábendingum.

Eftir að skýrsludrög hafa verið rýnd innanhúss eru þau send viðkomandi stofnun og ráðuneyti til umsagnar. Endanlegar skýrslur eru sendar forseta Alþingis og þeim ráðuneytum og stofnunum sem úttektir beinast að. Þær eru einnig birtar á heimasíðu Ríkisendurskoðunar ásamt fréttatilkynningu.

3. Eftirfylgni

Í eftirfylgniúttekt sem fer fram u.þ.b. þremur árum eftir upphaflega úttekt eru athuguð viðbrögð við ábendingum Ríkisendurskoðunar. Einkum er kannað hvort þeir anmarkar eða veikleikar sem stofnunin vakti athygli á séu enn fyrir hendi. Slík úttekt getur leitt til nýrra eða ítrekaðra ábendinga. Niðurstöður eftirfylgniúttektar eru gerðar opinberar og sendar þeim aðilum sem í hlut eiga.

Opinberar skýrslur árið 2017

Aðalúttektir

1. Kostnaður og skilvirkni kennaramenntunar
2. Verknám framhaldsskóla
3. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins
4. Samgöngustofa. Innheimta kostnaðar
5. Nýsköpun í ríkisrekstri
6. Kaup ráðuneyta á þjónustu sérfræðinga
7. Stjórnábyrging ferðamála
8. Endurmenntun starfsmanna Stjórnarráðsins
9. Nýliðun hjúkrunarfræðinga
10. Póst- og fjarskiptastofnun


Eftirfylgniúttektir

1. Framkvæmd og utnumhald rammasamninga
2. Þróun lyfjakostnaðar
3. Vinnumálastofnun
4. Raunvísindastofnun HÍ
5. Tannlækningar barna
6. Ferðamálastofa
7. Samningar um símenntunarstöðvar
8. Jöfnunarsjóður
9. Framkvæmdasýsla ríkisins
10. Mannauðsmál 1
11. Mannauðsmál 2
12. Úthlutanir forsætisráðherra á safnliðum
13. Rekstrarstaða og reiknilíkan framhaldsskóla
14. Sorpbrennslur með undanþágu frá tilskipun ESB
15. Innheimta op. gjalda
16. Alþjóðlegir samningar um varnir gegn mengun sjávar
17. Siðareglur fyrir starfsfólk Stjórnarráðsins
18. Hólaskóli
19. Lækningaminjasafn Íslands

Skýrsla um forkönnun

1. Vistvæn innkaup og grænn ríkisrekstur

FERLI STJÓRNSÝSLUÚTTEKTA RÍKISENDURSKOÐUNAR



F O R K Ö N N U N

A Ð A L Ú T T E K T

E F T I R F Y L G N I

1. Stjórnendur stjórnsýsluviðs ákveða forkönnun með samþykki ríkisendurskoðanda. Úttektarteymi (sérfræðingur og deildarstjóri) valið. Viðkomandi aðilum (ráðuneyti / stofnun) send tilkynning um forkönnun.
2. Úttektarteymi aflar gagna, metur ávinning aðalúttektar og skilar sviðsstjóra: a) minnisblaði um niðurstöður forkönnunar, b) endurskoðunaráætlun sé mælt með aðalúttekt.
3. Stjórnendur ákveða framhaldið með samþykki ríkisendurskoðanda:
 - 3a. Að hefja aðalúttekt. Afmörkun og endurskoðunaráætlun staðfest. Viðkomandi aðilum send tilkynning um aðalúttekt og minnisblað um niðurstöður forkönnunar til umsagnar. Lýsing verkefnis sett á ytri vef.
 - 3b. Að hefja ekki aðalúttekt sé væntur ávinningur lítil eða að fresta henni sé hún ekki tímabær. Viðkomandi aðilum tilkynnt um ákvörðunina. Niðurstöður birtar í minnisblaði eða stuttri skýrslu.

- 4a. Sérfræðingur vinnur úr gögnum og semur skýrslu skv. áætlun og afmörkun / breyttri áætlun og afmörkun. Deildarstjóri fylgist með framvindunni og fer reglulega yfir fyrirbyggjandi skýrsludrög. Slíkt getur leitt til 4b.
 - 4b. Úttekt er hætt / frestað, t.d. ef aðstæður breytast eða nýjar upplýsingar koma fram. Niðurstöður birtar í minnisblaði eða stuttri skýrslu.
5. Sviðsstjóri samþykkir að skýrsludrög fari í gæðarýni innanhúss. Gæðarýnar, tveir starfsmenn, fara yfir drögin á rýnifundi með úttektaraðilum og sviðsstjóra. Ríkisendurskoðandi les drögin einnig yfir.
 6. Úttektarteymi fer yfir athugasemdir gæðarýna og býr drög til umsagnar utanhúss. Sviðsstjóri og ríkisendurskoðandi samþykkja þau.
 7. Skýrsludrög send stofnun, ráðuneyti og hagsmunaaðilum með beiðni um skriflegar athugasemdir og viðbrögð við ábendingum innan tiltekins tíma.
 8. Úttektaraðilar fara yfir athugasemdir umsagnaraðila og búa skýrslu til útgáfu í samráði við sviðsstjóra. Upplýsingafulltrúi fer yfir skýrsludrögin.
 9. Sviðsstjóri og ríkisendurskoðandi samþykkja endanlega skýrslu til útgáfu. Upplýsingafulltrúi útbýr frétt á vef.
 10. Skýrsla birt á heimasíðu Ríkisendurskoðunar. Alþingi og viðkomandi ráðuneyti og stofnun upplýst um það. Skýrsla kynnt Alþingi.
 11. Sviðsstjóri, deildarstjóri og sérfræðingur fara yfir framgang verkefnis, hvað gekk vel og hvað miður og hvaða lærdóm má draga af þessu.

12. Eftirfylgni: Viðbrögð við ábendingum skýrslu könnuð þremur árum eftir útgáfu hennar. Viðkomandi aðilum (ráðuneyti / stofnun) tilkynnt um eftirfylgni og óskað eftir upplýsingum um afdrif ábendinganna.
13. Skýrsla um eftirfylgni unnin, gæðarýnd innanhúss, send í ytri umsögn og birt á heimasíðu Ríkisendurskoðunar. Alþingi og viðkomandi ráðuneyti/stofnun upplýst um það. Skýrslan kynnt Alþingi.

Nóvember 2017